

619. fundur

Föstudaginn 10. febrúar 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Baldur Arnar Sigmundsson ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari
Benedikt S. Benediktsson FJR

1. Teknar voru fyrir fundargerðir 617 og 618 og voru þær staðfestar.
2. Tekið var til framhaldsumræðu staða markaðarins um vöntun og/eða fyrirsjáanlega vöntun á svínakjöti. Var ákveðið að senda til umsagnar drög að reglugerð sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra.

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra varðandi úthlutun á opnum tollkvótum vegna innflutnings á svínasíðum:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollskrárn.			kg	%	kr./kg
	Svínakjöt, fryst:				
	-- Annað:				
0203.2902	Annað - svínasíður með beini	17.02.-30.06.2017	ótilgr.	0	68
0203.2909	Annað - svínasíður beinlaust	17.02.-30.06.2017	ótilgr.	0	205

Rökstuðningur: Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er ljóst að framboð á svínasíðum er ekki nægjanlegt á innanlandsmarkaði á næstu mánuðum.

Framboð á þessum vörum uppfyllir því ekki skilyrði 2. mgr. 65. gr. A laga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreindar tillögur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.